

PRÓF Í VERÐBRÉFAVIÐSKIPTUM

II HLUTI

Greining ársreikninga

Prófnúmer próftaka:

Námsgrein til prófs: Greining ársreikninga

Prófdagur: 4. febrúar 2019 Kl.: 16:00-20:00

Próftími alls: 4 klst. Prófblöð 13 vegna þessa hluta prófsins, þmt. forsíða):

Leyfileg hjálpargögn: Engin leyfileg hjálpargögn Netnotkun óheimil Fylgiblöð: Kennitölublað Tölulegar upplýsingar einnig rafrænt með prófinu

Leiðbeiningar: Lestu spurningarnar vel áður en þú svarar og farðu vandlega yfir úrlausnir áður en þú skilar þeim inn. Ekki er ætlast til að próftakar láti kalla til umsjónarmann prófs, en gera má ráð fyrir að hann komi tvisvar á prófstað, eigi síðar en einni klukkustund eftir að próf hefst og eigi síðar en einni klukkustund áður en prófi lýkur. Með prófstað er átt við auglýstan prófstað verðbréfavíðskiptaprófs.

Prófið fer fram á tölvu og skal úrlausnum skilað á rafrænu formi í lok prófs.

SÝNA BER SKILRÍKI VIÐ UPPHAF PRÓFS.

VANDAÐU FRÁGANG.

GANGI ÞÉR VEL.

Verkefni 1 (48 mín. 20%) - Krossaspurningar

Merkið við eitt rétt svar með því skrá viðkomandi bókstaf við hlið númers spurningarinnar í excel skjalinu. Nota skal 360 daga á ári þar sem það á við, nema annað sé tekið fram. Hver spurning gildir 2% og aðeins eitt rétt svar er við hverri spurningu. Ekki er dregið frá fyrir rangt svar.

1. (2%) Eigið fé Kistu ehf. var kr. 2.000.000 þann 1. janúar.2018. Þann 1. júlí 2018 var greiddur út arður að fjárhæð kr. 300.000 og þann 1. október 2018 var hlutafé aukið um kr. 600.000. Hver var meðalstaða eigin fjár árið 2018 ?

- a) 2.000.000
- b) 2.300.000
- c) 2.900.000
- d) 1.150.000
- e) Ekkert af ofangreindu

2. Í ársbyrjun námu eignir Gáma ehf. kr. 989.898 og eigið fé var neikvætt um kr. 798.989. Á árinu hækkuðu eignir um kr. 602.323 og skuldir lækkuðu um kr. 201.545. Hvert var eigið fé Gáma ehf. í árslok :

- a) 803.868
- b) 4.879
- c) 1.592.221
- d) 398.211
- e) ekkert af ofangreindu

3. Samkvæmt ársreikningi Mirru ehf. árið 2018 nam velta félagsins kr. 1.250.000.000. Eignir í árslok 2018 námu kr. 582.000.000 og ársverk voru 41. Samkvæmt lögum um ársreikninga flokkast Mirra ehf. því sem :

- a) Lítið félag
- b) Meðalstórt félag
- c) Stórt félag
- d) Örfélag
- e) ekkert af ofangreindu

4. (2%) Hver eftirfarandi fullyrðinga er rétt hvað varðar tungumál ársreiknings ?
- a) Félög ráða því á hvaða tungumáli ársreikningurinn er
 - b) Allir ársreikningar, sem skilað er til Ársreikningaskrár, skulu vera á íslensku
 - c) Félag sem leyfi hefur til að semja ársreikning sinn í annarri mynt en íslenskri krónu getur haft texta ársreikningsins á íslensku, ensku eða dönsku.
 - d) Félög sem flokkast sem stór geta valið milli íslensku og ensku
 - e) Ekkert af ofangreindu
5. (2%) Um skattlagningu arðstekna í hendi sameignarfélags gildir :
- a) Arðstekjurnar eru að fullu skattskyldar
 - b) Arðstekjurnar skattleggjast með 10% skatti
 - c) Arðstekjurnar má draga frá tekjuskattsstofni ef eldri töp hafa verið jöfnuð
 - d) Arðstekjurnar skattleggjast með gildandi fjármagnstekjuskatti
 - e) Ekkert af ofangreindu
6. (2%) Hver eftirfarandi fullyrðinga um viðskiptavild er **ekki** rétt ?
- a) Félög sem gera upp skv IFRS framkvæma virðisrýrnunarpróf á viðskiptavild árlega
 - b) Samkvæmt lögum um ársreikninga skal afskrifa viðskiptavild á 10 árum
 - c) Viðskiptavild má ávallt afskrifa skattalga
 - d) Viðskiptavild flokkast sem óefnisleg eign
 - e) Ekkert af ofangreindu
7. (2%) Hvert af eftirtöldu fellur undir efra þrep virðisaukaskatts ?
- a) Póstþjónusta, áfengi, dekk, líkamsrækt
 - b) Matvörur, gisting, bensín, umbúðir
 - c) Tímarit, DVD diskar, olía, bílar
 - d) Þvottaefni, tölvur, hugbúnaður, bíómiði
8. Arðsemi eigin fjár hjá Ufsa ehf. var 18% á árinu 2018 og eigið fé var kr. 400.000 í upphafi ársins 2018. Þann 1. október 2018 var greiddur út arður að fjárhæð kr. 200.000. Hagnaður félagsins árið 2018 var því kr. :
- a) 72.000
 - b) 100.000
 - c) 54.000
 - d) 63.000
 - e) Ekkert af ofangreindu

9. Hvað af eftirtöldu er **ekki** liður meðal eigin fjár í efnahagsreikningi ?
- a) Endurmatsreikningur
 - b) Óráðstafað eigið fé
 - c) Hlutabréf
 - d) Yfirverðsreikningur
 - e) Ekkert af ofangreindu
10. Hver eftirfarandi fullyrðinga er **röng** ? Dæmi um skammtímaskuld er :
- a) Yfirdráttarlán
 - b) Fyrirfram innheimtar tekjur
 - c) Ógreiddur lífeyrissjóður
 - d) Skuld fjármálastjóra fyrirtækisins vegna vöruúttektar hans
 - e) Ekkert af ofangreindu

Verkefni 2 (62 mín. 26%) - Textaspurningar

Leitað er eftir stuttum og hnitmiðuðum svörum. Hafið í huga þau tímamörk sem hverri spurningu eru sett.

a) 4%

Mikilvægisreglan er ein af meginreglum reikningshaldsins. Útskýrið hana og nefnið dæmi um notkun hennar.

b) 3%

Hvað er „Glögg mynd“ í skilninga laga um ársreikninga ?

c) 4%

Um skyldu til að láta endurskoða ársreikninga félaga er fjallað í lögum um ársreikninga. Greinið frá þeim skilyrðum sem gilda um hvenær félag skal láta endurskoða ársreikning sinn.

d) 4%

Fjallið stuttlega um ábyrgð og hlutverk endurskoðenda annars vegar og ábyrgð stjórnar hins vegar í tengslum við reikningskil fyrirtækis.

e) 4%

Útskýrið hugtakið „Eining tengd almannahagsmunum“ í samræmi við lög um ársreikninga.

f) 3%

Hvers vegna er handbært fé frá rekstri samkvæmt sjóðstreymi sjaldnast sama fjárhæð og hagnaður ársins samkvæmt rekstrarreikningi?

g) 4%

Hvaða álitamál geta komið til vegna skráningar tekna og gjalda hjá ferðaskrifstofu sem selur pakkaferðir til útlanda, en ferðaskrifstofan þarf að greiða fyrir hótelplass erlendis í september vegna ferða sem farnar verða sumarið árið eftir, auk þess sem byrjað er að selja í ferðir í nóvember vegna sömu ferða ?

Verkefni 3 (43 mín 18%)

Hér að neðan er lýsing á nokkrum rekstrar- og efnahagsfjárhæðum Spor ehf. árið 2018.

Fasteignir eru fimmföld fjárhæð vélbúnaðar			
Vaxtatekjur eru kr. 2.000 og vaxtagjöld afgangstala			
Skammtímaskuldir eru tvöföld fjárhæð langtímaskulda			
EBITDA (jákvæð) er helmingur af kostnaðarverði seldra vara			
Annar rekstrarkostnaður er afgangstala			
Kröfur eru afgangstala			
Fyrningar eru afgangstala			
Engin breyting varð á hlutfé á árinu			
Biðtími birgða	120		
Álagning í %	200%		
Rekstrarhagnaðarlutfall	15%		
Markaðsgengi	3		
Tekjuskattur 20% eða	8.000		
Eigið fé 1/1	58.000	enginn arður greiddur 2018	
Meðalstaða birgða	30.000		
V/H hlutfall	6		
Birgðir 1/1	20.000		
Eiginfjárlutfall	50%		
Veltufjárlutfall	1,2		
Launahlutfall	30%		
Handbært fé	10.000		

Út frá upplýsingunum hér að ofan, stillið upp rekstrarreikningi og efnahagsreikningi árið 2018 fyrir Spor ehf. Þar á meðal er farið fram á að eftirfarandi millisummur séu sýndar :

EBITDA

Rekstrarhagnaður

Hagnaður fyrir skatta

Hagnaður ársins

Fastafjármunir alls

Veltufjármunir alls

Eignir alls

Eigið fé alls

Skuldir alls

Eigið fé og skuldir alls

Verkefni 4 (34 mín. 14%)

Hér að neðan eru rekstrar- og efnahagsreikningar þriggja félaga.

<u>Handverksbakarið ehf.</u>					
Rekstrarreikningur	2018	2017			
Sala	765	955			
Laun og tengd gjöld	-595	-680			
Húsnæðiskostnaður	-110	-120			
Annar rekstrarkostnaður	-100	-90			
Afskriftir	-10	-10			
Rekstrarhagnaður (-tap)	-50	55			
Nettó vaxtagjöld	-40	-30			
Hagnaður (tap) fyrir skatta	-90	25			
Skattur	18	-5			
Hagnaður (tap) ársins	-72	20			
Efnahagsreikningur					
Eignir	2018	2017	Skuldir og eigið fé	2018	2017
<u>Fastafjármunir</u>			<u>Eigið fé</u>		
Vélar og tæki	90	100	Hlutfé	20	20
Tekjuskattsinneign	18	0	Annað eigið fé	-47	25
				-27	45
	108	100			
			<u>Langtímaskuldir</u>		
<u>Veltufjármunir</u>			Skuldabréfalán	50	70
Þinggjöld rekstrarvöru	30	40		50	70
Viðskiptakröfur	160	210			
Handbært fé	5	25	<u>Skammtímaskuldir</u>		
	195	275	Viðskiptaskuldir	120	160
			Næsta árs afborganir	20	20
			Yfirdráttur	60	30
			Aðrar skammtímaskuldir	80	50
				280	260
Eignir alls	303	375	Skuldir og eigið fé	303	375

<u>Novomatic hugbúnaðarlausnir ehf.</u>					
Rekstrarreikningur	2018	2017			
Sala	1920	1900			
Kostnaðarverð seldra vara	-230	-190			
Laun og tengd gjöld	-1210	-1090			
Annar rekstrarkostnaður	-290	-210			
Virðisrýrnun viðskiptavildar	-110	0			
Afskriftir	-30	-30			
Rekstrarhagnaður (-tap)	50	380			
Nettó vaxtagjöld	-65	-60			
Hagnaður (tap) fyrir skatta	-15	320			
Skattur	3	-64			
Hagnaður (tap) ársins	-12	256			
Efnahagsreikningur					
Eignir	2018	2017	Skuldir og eigið fé	2018	2017
<u>Fastafjármunir</u>			<u>Eigið fé</u>		
Viðskiptavild	390	500	Hlutfé	20	20
Vélar og tæki	50	80	Annað eigið fé	140	160
Tekjuskattsinnæign	3	0		160	180
	443	580			
<u>Veltufjármunir</u>			<u>Langtímaskuldir</u>		
Þirgðir	100	50	Skuldabréfalán	313	370
Viðskiptakröfur	420	300		313	370
Handbært fé	50	80	<u>Skammtímaskuldir</u>		
	570	430	Viðskiptaskuldir	170	120
			Næsta árs afborganir	70	70
			Rekstrarlán	210	190
			Aðrar skammtímaskuldir	90	80
				540	460
Eignir alls	1013	1010	Skuldir og eigið fé	1013	1010

Verkefni þitt er að svara eftirfarandi spurningum :

- a) (2%) Hvað er rekstrahæfi ?
- b) (6%) Eru félögin rekstrarhæf ? Svarið fyrir hvert félag og rökstyðjið svarið með vísan til þeirra upplýsinga sem koma fram í rekstrar- og efnahagsreikningi og reiknið a.m.k. eina kennitölu máli ykkar til rökstuðnings.
- c) (3%) Hvaða ófjárhagslegir fyrirboðar um rekstrarstöðvun gætu verið til staðar hjá hverju félagi m.t.t. þeirrar atvinnugreinar sem þau starfa í ?
- d) (3%) Hvaða áritun er líklegt að endurskoðandi félagsins myndi gefa á reikningsskil hvers félags, að því gefnu að um endurskoðuð reikningsskil sé að ræða ?

Verkefni 5 (53 mín. 22%)

Vilhjálmur Geirsson á 20% hlut í félaginu Lyfið hf., sem skráð er á markað. Félagið starfrækir keðju lyfjaverslana en samkeppni hefur aukist nokkuð með innkomu nýrra aðila á markaðinn. Auk þess flutti Læknavaktin úr húsnæði þar sem félagið rekur eina af stærri verslunum sínum og yfir í húsnæði þar sem stærsti samkeppnisaðilinn er með verslun. Eftir erfitt ár á hlutabréfamörkuðum heimsins veltir Vilhjálmur fyrir sér hvort rétt sé að selja hlutabréfin í Lyfinu hf. og leita annarra leiða til að ávaxta fé sitt, en hann telur að nú séu kaupþækifæri á markaðnum eftir verðlækkunir síðasta árs.

Vilhjálmur leggur fyrir þig upplýsingar úr endurskoðuðum ársreikningum félagsins fyrir síðustu 3 ár. Hann biður þig að meta kosti þess og galla að selja núna út frá kennitölugreiningu. Til að aðstoða Vilhjálmi þarftu að reikna út ýmsar kennitölur úr ársreikningunum og sjá þannig hvernig Lyfið hf. stendur sig í samanburði við samkeppnisaðilana og hvort verð bréfanna nú sé þannig að hentugt væri að selja.

Gengi hlutabréfa í Lyfinnu hf. í dag er 16. Verkefni þitt er að ráðleggja Vilhjálmi hvort hann eigi að selja bréf sín í Lyfinu hf. og leita annarra fjárfestingakosta miðað við núverandi og framtíðar aðstæður út frá kennitölugreiningu.

Vilhjálmur vill einnig vita hver var fjárhæð útborgaðs arðs til hluthafa á árinu 2018.

Á næstu blaðsíðu eru ársreikningar Lyfsins hf. 2016-2018 og þar á eftir tölur frá samkeppnisaðilum. Einnig er þar að finna vaxtakjör á bankareikningum sem innlánsstofnanir bjóða.

Verkefni þitt er :

- a. Reikna út fyrir árin 2016-2018 fyrir Lyfið hf. kennitölurnar (12%)
 - i. Meðalálagning
 - ii. Eiginfjárlutfall
 - iii. Veltufjárlutfall
 - iv. Biðtíma birgða
 - v. Innheimtutíma krafna
 - vi. EBITDA
 - vii. EBITDA / sala
 - viii. Arðsemi eigin fjár
 - ix. V/H hlutfall
 - x. EBITDA margfaldarann (V/EBITDA)
 - xi. Markaðsverðmæti
 - xii. Virkur tekjuskattur

- b. Ráðleggja Vilhjálmi hvort hann eigi að selja bréf sín í Lyfinu hf. og leita annarra fjárfestingakosta. Rökstuðningur skal fylgja. (9%).

- c. Hver var fjárhæð greidds arðs á árinu 2018 (1%) ?

Fylgiskjal vegna verkefnis 5

Rekstrarreikningar áráanna 2016-2018 (í þús.)						
			2018	2017	2016	
Sala			843.800	841.300	950.400	
Kostnaðarverð seldra vara			(670.500)	(654.500)	(726.500)	
Rekstrargjöld, önnur en afskriftir			(138.500)	(133.200)	(144.600)	
Afskriftir			(7.500)	(7.900)	(8.000)	
Vextir			(10.500)	(9.700)	(9.900)	
Skattar			(3.400)	(7.200)	(12.300)	
Hagnaður ársins			13.400	28.800	49.100	
Efnahagsreikningar áráanna 2016-2018 (í þús.)						
Eignir			31/12 18	31/12 17	31/12 16	31/12 15
Fastafjármunir:						
Varanlegir rekstrarfjármunir			145.000	150.000	160.000	70.000
Verðbréf			15.000	20.000	16.000	11.000
			160.000	170.000	176.000	81.000
Veltufjármunir:						
Birgðir			49.000	53.500	52.000	55.500
Viðskiptakröfur			99.000	98.000	93.000	90.000
Handbært fé			9.800	5.000	8.000	12.000
			157.800	156.500	153.000	157.500
Eignir samtals			317.800	326.500	329.000	238.500
Eigið fé og skuldir						
Eigið fé:						
Hlutfé			30.000	30.000	30.000	30.000
Annað eigið fé			146.300	132.900	129.100	100.000
			176.300	162.900	159.100	130.000
Skuldir:						
Langtímaskuldir			48.000	60.000	0	0
Næsta árs afborganir			(12.000)	(12.000)	0	0
			36.000	48.000	0	0
Ýmsar skammtímaskuldir			93.500	103.600	169.900	108.500
Næsta árs afborganir			12.000	12.000	0	0
			105.500	115.600	169.900	108.500
Skuldir samtals			141.500	163.600	169.900	108.500
Eigið fé og skuldir samtals			317.800	326.500	329.000	238.500

Kennitölur frá samkeppnisaðilum:		2018
	Meðalalagning.....	34,00%
	Eiginfjárlutfall.....	53,00%
	Veltufjárlutfall.....	1,50
	Biðtími birgða.....	26,10
	Innheimtutími krafna.....	41,10
	Hlutfall EBITDA af sölu.....	7,40%
	Arðsemi eigin fjár.....	11,00%
	V/H hlutfall.....	26,0
	V/EBITDA.....	9,9

INNLÁNSKJÖR				
1 millj.	10 millj.	50 millj.	100 millj.	Verðtryggð
Banki	Binding	Vextir ▼	Dags	
Kvika	31 dag	4.60%	11/11/18	
Arion Banki	31 dag	4.05%	11/11/18	
Landsbankinn	31 dag	3.95%	05/11/18	
Íslandsbanki	31 dag	3.90%	11/11/18	
Sparisjóðurinn	Óbundinn	3.05%	21/10/17	